



Skorradalshreppur 21. janúar 2026

Stjórn ungmennafélagsins Íslendinga er að vinna, í samstarfi við byggingarfulltrúa Skorradalshrepps, að því að koma öllum fasteignum í og við Hreppslaug á rétt matstig í fasteignamati og skrá þau mannvirki sem óskráð eru. Stjórn ungmennafélagsins Íslendinga hefur tekið ákvörðun um að niðurgreiða aðgangseyrir til fasteignaeigenda í Skorradal til jafns við félagsmenn ungmennafélagsins, útfærslan verður í samvinnu við Hreppsnefnd Skorradalshrepps og gildir í 2 ár.

Ungmennafélagið tekur jafnframt vel í þá tillögu sem komið hefur fram frá sveitarfélaginu að legnja opnunartíma Hreppslaugar Slíkt hefur þegar verið gert um helgar núna í haust og er stefnt að því að opna fyrr um helgar næsta vor. Einnig er það markmið ungmennafélagsins að opna fyrr á daginn yfir suamrið, svo sem best þjónusta náist við gesti og nærsamfélag, en hafa skal í huga að Hreppslaug er í þeirri stöðu að þurfa að bera sig rekstarlega, ólíkt flestum sundlaugum í eigu sveitarfélaga sem njóta opinbers rekstrarstuðning og standa ekki einar undir öllum kostnaði.

Ungmennafélagið þakkar Skorradalshrepp sérstaklega höfðinglegan styrk og mun nú sem og í komandi framtíð sinna sundiðkunn, skaffa aðstöðu til sundkennslu og sundæfinga fyrir nærsamfélagið sem og því að Hreppslaug verði sú afþreying og samkomustaður sveitarinnar sem hún hefur verið til margra ára. Stjórn umf. Íslendinga mun bjóða hreppsnefnd Skorradalshrepps í heimóksn í Hreppslaug þá er hlutur hreppsins verður formlega afhentur 1.maí 2026. En sá atburður verður nánar boðaður og undirbúinn þegar nær dregur.

f.h stjórnar ungmennafélagsins Íslendinga

---

Kristján Guðmundsson